

# LESBÓK

MORGUNBLAÐSINS

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík. Framkvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórar: Matthias Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Aðstoðarritstjóri: Björn Bjarnason. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Auglýsingar: Baldvín Jónsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.




## Forsíðan

er af emaleruðu myndverki eftir Einar Hákonarson og er meðal þeirra, sem hann sýnir á Kjvalsstöðum. Sýningin verður opnuð í dag. Myndin heitir „Sofandi“. Einar fór í vetur til Svíþjóðar og lærði emaleringu, sem er forn tækni og tíðkaðist m.a. hjá Egyptum löngu fyrir Krist. Glermassi er látinn saman við lit, málað á sérstaklega grunnað undirlag úr járni og síðan brennt við háan hita. Þannig verður emaleruð mynd bæði ljós- og veðurþolin og hentar þetta t.d. mjög vel utanhúss.

## Njála

en einkum þó höfundur hennar hefur lengi verið hugstæður Sigurði Sigurmundssyni, bónda og fræðimanni í Hvítárholti í Hrunamannahreppi og hefur hann nokkrum sinnum tjáð sig þar um í Lesbók. Nú hefur Sigurður lokið við ritgerð um höfund Njálu sem kemur út í bók og af því tilefni hefur Guðrún Guðlaugsdóttir átt við hann samtal.



## Memphis

er nafn á framúrstefnuhönnun, sem flestir hafa ugglæst heyrt nefnda, ef ekki séð. Hér var á ferðinni í febrúar einn af frægustu hönnuðum Memphis-hópsins, Michele De Lucchi og átti Anna Bjarnason samtal við hann um sögu þessarar hreyfingar og myndir eru af hlutum í Memphis-stíl.

## Ferðablaðið

er að þessu sinni tileinkað París, sem alltaf hefur sérstakt aðdráttarafl. Nú verður mikið að sjá og heyra þar vegna 200 ára afmælis frönsku byltingarinnar.



JÓHANN JÓNSSON

## Hvað er klukkan...?

*Dagur var kominn að kvöldi,  
kyrrð og svefnrö í bænum,  
lognöldusöngvar frá sænum,  
sumar í blænum...*

*Gott kvöld, hvað er klukkan?*

*Röddin var ljúfmál sem lognið,  
létt og flögrandi bros  
um varanna rósreifað flos...  
Hárið blakaði í blænum,  
bjart eins og vorið á sænum...  
Í augunum hillti undir ungan dag,  
þar sem allt var fætt — nema sorgin.*

*Og enn var komið að kvöldi  
og koldimmt í bænum —  
og náhljóð frá niðmyrkum sænum...*

*Gott kvöld, hvað er klukkan?*

*Röddin var grátklökk, sem hálfstilltur strengur,  
steingjörður íshlátur svall  
um varanna grástorknað gjall...  
Sem vængur með flugslitnum fjöðrum  
flökti strý undir höfuðdúks-jöðrum...  
Í augunum drottnaði alvöld nótt,  
þar sem allt var dautt — nema sorgin.*

Jóhann Jónsson (1896-1932) er fyrst og fremst frægur fyrir kvæðið Söknuð, en þótt hann félli frá ungur, orti hann fleiri góð ljóð, þar á meðal það sem hér birtist. Jóhann hélt ungur til Þýskalands, þar sem hann veiktist af berklum, sem drógu hann til dauða.

**V**arla er það stór hópur manna hér á landi sem nú til dags les verk Georgs Brandesar. Mér hafa sagt fróðir menn, að til skamms tíma hafi þó ýmsir all-lengi haldið tryggt við Brandes og þaullesið verk hans. Og örfáa veit ég um, sem enn sækja þekkingu og skemmtun til þessa snjalla danska heimsborgara.

Öðru vísi mér áður brá mætti segja af þessu tilefni. Fyrir og um aldamótin síðustu var Brandes svo mikill áhrifavaldur í íslensku menningarlífi, að langt fram eftir öldinni töluðu sómakærir sveitaklerkar með hryllingi um „Brandesaröldina“ og það guðleysi og þá hugarfars-lausung, sem ríkti meðal áhanganda hans. Sagt var, að Brandes spillti ungum lærdómsmönnum með skrifum sínum og skoðunum á lífinu og tilverunni. Hann var guðleysingur og lítt hrifinn af kirkjunni eða boðun þjóna hennar, en hafði þeim mun meiri áhuga á því sem frumlega var hugsað í álfunni. Hann var t.d. í þeim fámenna hópi, sem þegar í stað gerði sér grein fyrir þýðingu Nietzsches í andans lífi Evrópu.

Þessar umræður eru nú orðnar verkefni þeirra, sem reyna að þá sig á framvindu menningar, fremur en þetta veiki hugaræsing. Viðkvæmni gagnvart frumlegum og nýstárlegum skoðunum hefir minnkað, þótt enn geti verið harla grunnt á alls konar skoðanakúgun enn þann dag í dag. Skoðanakúgun kalla ég þegar neitað er að ræða álitamál, skoðanaskipti fá ekki að eiga sér stað, og jafnvel svo langt gengið, að telja óþarft að ræða viðkvæm ágreiningsmál af því, að í raun sé ekki ágreiningur um að ræða, heldur í andstæðingurinn veill á meðmunum. Um það eru dæmi frá voldugum ríkjum.

Umræða á liðnum tíma kemur okkur stundum spánst fyrir sjónir vegna þess, að stundum virðist sem deiluaðilar hafi alls

## Að lesa — Brandes

ekki uppgötvað í hverju ágreiningur var fólgin. Það getur verið í senn fróðlegt og skemmtilegt að reyna að finna hver rök menn notuðu í slíkum deilum og hvað raunverulega lá að baki þeim.

En þetta er aftur að Brandes. Hann er tvímælaust einhver skemmtilegasti rithöfundur sem ég hefi gluggað í. Ritgerðir hans um heimspekinga og skáld 19du aldarinnar eru í hæsta máta það sem kallað er „spirituel“, andrífkar. Þar fer samirburða þekking og hæfileiki til þess að tengja saman hluti, sem sýnast óskyldir á yfirborðinu. Og ekki hvað síst er honum lagið að draga saman aðalatriði og lýsa ytri umgjörð og innri tilfinningum.

Nokkrar ritgerðir Brandesar hafa orðið mér umhugsunarefni og vakið forvitni mína um ýmislegt á 19du öldinni og þær hræringar, sem þá áttu sér stað, og eru forsendur margs af því, sem einkennir okkar eigin tíma.

En það er önnur og lengri saga en svo að rakið verði í örstuttu rabbi.

Um helgina las ég stutta ritgerð eftir Brandes, ritgerð sem ég las fyrir allmörgum árum og rifjaði nú upp mér til skemmtunar og nokkurs gagns, vonandi. Ritgerðin heitir **Um lestur**, og er hugleiðing um það hvað í því felst að lesa bækur, og jafnframt leiðbeiningar um hvernig skuli lesa.

Brandes bendir á hve fjarri öllu lagi sé að setja upp lista yfir einhver ótiltekinn fjöldi bóka sem hver og einn skuli lesa til að geta talist til vel lesinna manna. Stundum séu menn að gera lista yfir „hundrad bestu bækur, sem skrifaðar hafa verið“, en þess konar mat sé ætíð út í hött vegna þess, að óralangt er frá því, að hverjum og einum

henti hið sama. Hin svokölluðu sígildu rit heimsbókmenntanna eru þess edlis, mörg hver, að sérstakar forsendur þarf til að geta notið þeirra, og verður lesandinn að þekkja bærillega til þess menningarheims, sem þau er sprottin úr, til þess að hafa af þeim gagn. Því skyldi enginn fyrirvalaust fara að lesa þau. Plató og Sófócles, Hóras og Virgill, Shakespeare og Racine, Göthe og Shelley hafa allir samið stórbrötin verk, en það fer enginn fyrirhafnarlaust inn í heim þeirra.

Sá lesandi, sem vill lesa til þess að auðgast af reynslu og eflast í skilningi á mannlegu edli og mannlegum tilfinningum í hinum margbreytilegustu myndum, á, að mati Brandesar, að byrja á því að lesa verk samtíðarmanna sinna og feta sig þaðan til þeirra verka, sem eldri eru og oft á tíðum framandi að efni og framsetningu. Lestur á ekki að vera til þess eins að drepa tímann, heldur á lesandinn að leggja sitt af mörkum til að ná sambandi við höfundinn, leitast við að skilja hvað fyrir honum vakir, hver eru innbyrðis tengsl verka höfundarins og hvernig sambandi þeirra við verk annarra höfunda er háttað.

Ekki er þó neitt við það að athuga, að lesa sér til afþreyingar. Lestur á að vera skemmtun. Leifðingur bækur eru aldrei merkilegar, og ef til vill er það einkenni góðra bóka, að þær eru skemmtilegar.

Brandes leggur mikið upp úr því, að fólk lesi vel það, sem það les og sér fyrir, að fólk bækur vel en margar bækur á hundavadi. Það er líka meira um vert að kynna sér rækilega einn höfund, eða lesa um eitthvert ákveðið tímabil og öðlast bærillega vitneskju

um það en þeytast heimshorna milli og grauta í mörgu, en kunna ekkert til nokkurrar hlftar. Þær bækur, sem höfða til lesandans, á á að lesa oft, og eiginlega ekki hætta fyrir en maður er orðinn gagnkunnugur þeim.

Þá er komið að þeirri spurningu, sem erfiðast er að svara: Gerir lestur góðra bóka, úrvalsrita, lesandann betri, hæfari, umburðarlyndari, víðsýnni, vitrari en ella?

Ef til vill verður góður lesandi víðsýnn, jafnvel skilningsríkur á veikleika manna og þar með ætti hann að öðlast eitthvert umburðarlyndi, þó ekkert skuli um það fullyrt. En ekki treysti ég mér til að segja neitt um það hvort hann verði betri eða vitrari. Vera má, að hann öðlist eitthvað af þessum eiginleikum, en það er ómögulegt að dæma um hvort það sé af því að hann les góðar og viturlegar hugsanir, eða hvort hann les úrvalsrít af því að hann er þegar góður maður og vitur. Ekki er sjálfgefið, að menntun, í hvaða formi sem hún er, geri fólk betra eða vitrara, þótt hún geri það hæfara til að vinna ýmis störf.

Við þessar hugleiðingar Brandesar, (reynndar blandaðar eigin hugsunum) hefi ég litlu að bæta, nema því einu, að ekki virðist hin besta menntun og ítarlegasta þekking á því, sem snjallast hefir verið sagt eða nákvæmast hugsað en annað, komið í veg fyrir skoðanakúgun og sjálfbirgingshátt þeirra, sem telja sig hafa hinar einu „réttu“ skoðanir. Brandes var sjálfur viss um yfirburði sína og naut þess að berjast við það, sem hann taldi rifið og skaðlegt. Að honum var líka vegið af fullkominni hörku. Þrátt fyrir allt eru verk hans hressandi tilbreyting frá döda geldrar umræðu annars vegar og ruddalegra niðurstæfnum hins vegar. Brandes er góður leiðsögumaður um evrópskan menningarheim 19du aldarinnar, einkum ef manni tækist að lesa verk hans á þann hátt sem hann ráðleggur okkur.

HARALDUR ÓLAFSSON